

55. gr.

19

Eigi má svelta fénað við réttir eða í rekstrum frekar en minnst verður hjá komizt. Eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun. Sérstaklega er bannað að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu.

23. jan.

XIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 100—2000 króna sektum nema þyngri refsing liggi við eftir lögum.

Falli sektarféð í hlutaðeigandi fjallskilasjóð.

57. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til úrskurðar sýslunefndar.

58. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Austur-Húnavatns-sýslu um fjallskil og fleira frá 15. júlí 1941 og þær breytingar, er síðar hafa verið á henni gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. janúar 1961.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

20

um þinglýsingargjöld af veðbréfum með veði í rekstrarvörum sjávarútvegs og landbúnaðar.

23. jan.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 1. gr. 3. málsg. l. nr. 87 28. desember 1960 um viðauka við lög nr. 18 4. nóvember 1887, um veð, hefur ráðuneytið ákveðið, að þinglýsingargjöld af veðbréfum með veði í rekstrarvörum sjávarútvegs og landbúnaðar skuli vera þessi:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni 50 kr. og síðan kr. 2.40 fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1961.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzzson.